

REGLUGERÐ

um þorskveiðibann frá 26. júlí til 4. ágúst 1981.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 26. júlí til og með 4. ágúst 1981 eru skipum öðrum en þeim, sem hlíta takmörkunum á þorskveiðum samkvæmt reglugerðum nr. 632 18. desember 1980 og nr. 79 3. febrúar 1981, bannaðar allar þorskveiðar.

Bann þetta tekur ekki til báta, sem eru 30 brúttórúmllestir og minni og stunda handfæraveiðar.

2. gr.

Á þeim tíma, sem fiskiskip mega ekki stunda þorskveiðar samkvæmt 1. gr. má hlutur þorsks í heildarafla hverrar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%. Fari þorskafli yfir 15% af heildaraflanum, verður það sem umfram 15% er, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

3. gr.

Komi fiskiskip með afla að landi á því tímabili, sem þorskveiðar eru því bannaðar samkvæmt 1. gr. og hlutfall þorsks í afla reynist hærra en 15%, skal svo litið á, að hér sé um ólöglegan afla að ræða, og hann gerður upptækur sbr. 2. gr. nema í ljós komi, að veiðar hafi ekki verið stundaðar á þeim tíma, sem þorskveiðar eru því bannaðar. Sama gildir komi fiskiskip að landi eftir lok tímabils samkvæmt 1. gr., hafi afli að einhverju leyti fengist á tímabilinu.

4. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef nauðsyn krefur.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingum samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um visindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um visindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um

veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 336 13. júlí 1981, um þorskveiðibann frá 26. júlí til 4. ágúst 1981.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. júlí 1981.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.